

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 65/2025

2025/EES/38/23

frá 14. mars 2025

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/383 frá 16. febrúar 2023 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2870/2000 um tilvísunaraðferðir Bandalagsins fyrir greiningu brenndra drykkja og um niðurfellingu á reglugerð (EBE) nr. 2009/92 um greiningaraðferðir Bandalagsins á etanóli úr landbúnaði sem er notað við framleiðslu brenndra drykkja, kryddvína, drykkja sem eru blandaðir með kryddvínunum og hanastéla sem eru blönduð með kryddvínunum ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/383 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2009/92 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella hana brott samkvæmt samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um brennda drykki. Ákvæði löggjafar um brennda drykki skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 8 (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2870/2000):

„— **32023 R 0383:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/383 frá 16. febrúar 2023 (Stjtið. ESB L 53, 21.2.2023, bls. 3).“

2. Texti 6. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2009/92) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/383, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 53, 21.2.2023, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 203, 21.7.1992, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.